



## Kaupmáttur á niðurleið – miklar launahækkningar tengdar ferðapjónustu

Launavísitalan var nær óbreytt milli maí og júní samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 8,1%.

Árshækkunartaktur launa var rúmlega 7% fyrstu mánuði ársins og var í kringum 8,5% í apríl og maí, aðallega vegna launahækkana vegna hagvaxtarauka. Nú er árshækkunin á leið niður á við.

### Verðbólga er kaupmáttinn upp


Verðbólga í júní 2022 mældist 8,8%. Árshækkun launavísitölunnar var hins vegar 8,1% þannig að kaupmáttur launa minnkaði um 0,9% milli júnímánaða 2021 og 2022. Kaupmáttur í júní var 2,9% lægri en hann var í janúar 2022, en þá var kaupmáttur sá mesti í sögunni, þannig að mikil verðbólga síðustu mánaða hefur minnkað kaupmátt töluvert. Kaupmáttur hefur ekki verið lægri síðan í desember 2020. Nokkuð víst má telja að kaupmáttur haldi áfram að minnka á næstu mánuðum þar sem verðbólga er áfram mikil og ekki um frekari samningsbundnar launahækkningar að ræða á þessu samningstímabili, sem lýkur í lok október á almenna markaðnum.

### Þróun jafnast milli markaða

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum milli aprílmánaða 2021 og 2022 sést að laun hafa hækkað eilítið meira á opinbera markaðnum en þeim almenna. Launin hækkuðu um 8,2% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 9,3% á þeim opinbera, þar af 8,0% hjá ríkinu og 10,6% hjá sveitarfélögunum. Hækkningar hjá sveitarfélögunum hafa því verið töluvert meiri en á öðrum mörkuðum á þessu tímabili.


Óvenju mikið bil myndaðist á milli launabróunar á opinbera og almenna markaðnum í upphafi ársins 2021 og er það enn fyrir hendi. Miðað við útgangspunkt í upphafi ársins 2015 hefur hækkun launa fram til apríl 2022 verið 4,8% meiri á opinbera markaðnum en á þeim almenna.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa apríl 2021 - apríl 2022



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



### Mikill munur í launþróun milli atvinnugreina

Launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn hækkaði um 8,5% milli aprílmánaða 2021 og 2022. Laun innan flestra atvinnugreina hafa hækkað með svipuðum hætti, þó með tveimur undantekningum. Laun á veitinga- og gististöðum hafa hækkað um 12,7% á þessu tímabili og laun í fjármála- og váttryggingastarfsemi um 5,9%.

Það kemur ekki á óvart að laun hækki minna hlutfallslega séð í fjármála- og váttryggingastarfsemi þar sem tekjustig þar er hátt og krónutöluhækkunar samninga mælast minna prósentulega séð.


Hækkunin í veitinga- og gistihúsastarfsemi er hins vegar mun meiri en í öðrum greinum sem ættu að vera tiltölulega sambærilegar. Stór hluti af veitinga- og gistipjónustu er háður stöðu ferðapjónustunnar. Það verður því athyglisvert að fylgjast með þróun launa í þeirri grein eftir því sem líða tekur á sumarið og starfsemin óðum að komast í svipað horf og mest hefur verið.

### Snúin staða í aðdraganda kjarasamninga


Um frekari launahækkunar verður ekki að ræða á þessu samningstímabili. Verðbólga verður áfram mikil á næstu mánuðum þannig ætla má að kaupmáttur haldi áfram að minnka.

Óvissa verður áfram mikil í efnahagsumhverfinu þannig að viðræður um nýja kjarasamninga verða ekki einfaldar.

### Launþróun á tveimur mörkuðum



### Launahækkun í atvinnugreinum - apríl 2021 - apríl 2022



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.